



B.t. bæjar- og sveitarstjóra á Austurlandi

Austurland 4. desember 2023

Efni: Aðgerðaáætlun unnin upp úr ályktunum haustþings SSA sem haldið dagana 28.-29. september sl. í Végarði, Fljótsdal.

Á haustþingi SSA í september unnu kjörnir fulltrúar drög að aðgerðaráætlun sem gilda skal fram að næsta haustþingi. Hún er byggð á ályktunum þingsins sem unnar voru eftir meginmarkmiðum Svæðisskipulags Austurlands 2022 – 2024.

Aðgerðaráætlunin kallar á framfylgd í gegnum áætlanir sveitarfélaga en þessu ferli er lýst í kafla 7.1. í svæðisskipulaginu. Þar segir m.a. að sveitarfélög og stoðstofnanir þeirra skulu hafa innleitt stefnuna í aðalskipulagsáætlanir og aðrar aðgerðaráætlanir innan 24 mánaða frá samþykki þess.

Stjórn SSA fjallaði um aðgerðaráætlunina á stjórnarfundi þann 10. nóvember. Sumar aðgerðirnar verða ábyrgð SSA að koma til framkvæmda m.a. í gegnum Austurbrú, sem fer með daglegan rekstur þess, en aðrar koma til kasta sveitarfélaga og það var mat kjörinna fulltrúa á haustþinginu - og stjórnar SSA - að þær væru eftirfarandi:

1. Gæði síma- og netsambands

Nánar: Tryggja þarf gott síma- og netsamband í öllum landshlutanum. Verkefnið þarf að útfæra en felur m.a. í sér að a) þrýsta á viðeigandi fjarskiptafyrirtæki að sinna öllum landsmönnum og b) að gerð verði úttekt á farsímasambandi í landshlutanum (á sjó og landi).

2. Uppbygging samvinnurýma

Nánar: Sveitarfélögin skoði mögulegt húsnæði sem nýst gæti sem samvinnurými, kanni eftirspurn og samnýtingu við húsnæði í eigu sveitarfélaganna. Þá þarf að tryggja sýnileika samvinnurýma sem í boði eru á svæðinu og í því sambandi skal bent á að Austurbrú heldur utan um yfirlit um samvinnurými á vefnum Austurland.is sem sveitarfélögin geta nýtt til markaðssetningar á samvinnurýmum.

3. Regluverk í matvælaframleiðslu verði einfaldað

Nánar: Umræðan í vinnuhópum á þinginu snerist að mestu um að sveitarfélögin kæmu sér saman um einfaldað regluverk í tengslum við matvælaframleiðslu á svæðinu. SSA er reiðubúið að hefja samtali t.a.m. við HAUST en því þarf að fylgja nánari útlistun á vilja sveitarfélaganna og því leggjum við til að þau taki umræðu um málið áður en SSA aðhefst frekar.

4. Fjölbreytt nýting lands

Náðar: Sveitarfélög skuli vinna góða skilgreiningu á landnýtingu og tryggja verðmætt ræktunarland til matvælaframleiðslu með það að markmiði að skipulag hamli ekki fjölbreyttri nýtingu lands. Horfa skal sérstaklega til Svæðisskipulags Austurlands 2022 - 2044 í þessari vinnu.

5. Samstarf við atvinnulífið

Náðar: Sífelld þarf að vinna að verkefnum sem efla samstarf og samband sveitarfélaga við atvinnulífið um ýmis sameiginleg hagsmunamál fyrirtækja og sveitarfélaga s.s. íbúðauppbýggingu, nýsköpun og fleira.

6. Mannréttindafræðsla og samfélagsþátttaka

Náðar: Sveitarfélögin setji á laggirnar verkefni sem hafi þann tilgang að 1) halda áfram mannréttindafræðslu í skólum á Austurlandi og 2) hvetji til samfélagsþátttöku ólíkra samfélags hópa t.d. fólks af erlendum uppruna. SSA hvetur til þess að þróuð verði samvinnuverkefni sveitarfélaga og leitað stuðnings fyrirtækja til að hrinda þeim í framkvæmd.

7. Hvatar til fjárfestinga í ferðapjónustu

Náðar: Sveitarfélögin auki hvata til fjárfestinga í ferðapjónustu (gististaða og afþreyingar) og kortleggji aðgerðir t.d. skipulagningu lóða og setji sér fjárfestingastefnu.

8. Þróun Loftbrúar

Náðar: Sveitarstjórnir þrýsti á innviðaráðuneyti að efla Loftbrú í þeim tilgangi að fjölga ferðum innföldum í úrræðinu einkum og sér í lagi vegna ferðalaga íþróttafólks.

9. Uppbygging rafhleðslustöðva

Lýsing: Sveitarfélög þrýsti á Orkusjóð að halda áfram uppbyggingu hleðslustöðva og hafi frumkvæði að samfélagsátaki um að þrýsta á orkufyrirtæki að byggja upp stöðvar á Austurlandi.

10. Aðgengi að þriggja fasa rafmagni

Lýsing: Sveitarstjórnir þrýsti á Alþingi og innviðaráðuneyti að tryggja þriggja fasa rafmagn alls staðar í landshlutanum.

11. Uppbygging og samstarf um íþróttamannvirki



Lýsing: Sveitarfélög vinni saman að uppbyggingu, rekstri og nýtingu íþróttamannvirkja og tryggi reglulegar samgöngur á milli byggðakjarna.

12. Heilsuefling íbúa

Lýsing: Sveitarfélögin hvetji almenning til útivistar t.d. með því að meta hvort hægt sé að nýta t.d. jarðrask, skógrækt o.fl. til lagningar göngustíga, reið- og hjólaleiða.

Að lokum

Það er ósk SSA að sveitarfélögin taki afstöðu til þessara aðgerða, forgangsraði þeim og komi þeim í réttan farveg. Það er jafnframt ósk SSA að þau upplýsi stjórn SSA, sem jafnframt þjónar hlutverki svæðisskipulagsnefndar, um framgang þessara aðgerða.

Fyrir hönd Sambands sveitarfélaga á Austurlandi,

A handwritten signature in blue ink that reads "Dagmar Ýr Stefánsdóttir".

Dagmar Ýr Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri